

# Stjórn foreldrafélags Öldutúnsskóla, Fundur 1 – 24.09.2012

Mættir: Valerie, Ingibjörg, Snædís, Nikulás, Vilborg, Inga Anna

## 1. Foreldrasamstarf í Öldutúnsskóla

Valerie setti fundinn og fór yfir fyrirkomulag foreldrasamstarfs í Öldutúnsskóla. Hlutverk stjórnar foreldrafélagsins, bekkjartengla, skólaráðs og að lokum foreldrafélags Hafnarfjarðar.

## 2. Verkaskipting stjórnar

Stjórn skipti með sér verkum og raðast þau á eftirfarandi hátt:

**Formaður:** Valerie Helene Maier

**Varaformaður:** Snædís Ögn Flosadóttir

**Gjaldkeri:** Ingibjörg Gunnarsdóttir

**Upplýsingafulltrúi:** Nikulás Árni Sigfússon

**Umsjónarmaður Foreldrarólts:** Vilborg Jónsdóttir

**Ritari:** Inga Anna Bergmann Sveinsdóttir

**Skólaráð:** Ingibjörg Gunnarsdóttir

**Foreldraráð:** Valerie Helene Maier og Ingibjörg Gunnarsdóttir

**Vorhátíð:** Valerie Helene Maier

**Jólafondur:** Snædís Ögn Flosadóttir

## 3. Fundartími stjórnar

Fundartími stjórnar verður fyrsta mánudag hvers mánaðar kl. 20:30. Fundarstaður er Öldutúnsskóli. Formaður boðar til fundar.

## 4. Fjármál

Farið var yfir stöðu foreldrafélags. Greiðsluseðlar verða sendir út í lok september og er staðan í dag 145 þúsund krónur.

## 5. Bekkjartenglafundur

Valerie og Snædís fóru yfir fyrirkomulag bekkjartenglafunda síðustu ár og hver tilgangur þessa fyrsta fundar væri. Fyrsti bekkjartenglafundur þessa vetrar verður þriðjudaginn 2. Október kl. 20:00. Stjórn skipti með sér verkum vegna fundarins.

- Valerie: stýrir fundinum og verður með kynningu á stjórn foreldrafélagsins, hvað það þýðir að vera bekkjartengill og foreldrarólti. Útvegar bekkjartenglalista og sendir út fundarboð.
- Ingibjörg kaupir veitingar fyrir fundinn.
- Snædís kemur með verkefnablöð og penna fyrir bekkjartengla og stýrir verkefnavinnu.

- Aðrir fulltrúar í stjórn aðstoða við undirbúning fundar og við verkefnavinnu síns árgangs.

Að lokum var rædd sú hugmynd sem kom upp á síðasta vetri að foreldrafélagið byði bekkjartenglum styrk vegna kaffihúsakvölds. Ákveðið var að styrkurinn skyldi vera 5.000 kr. og verður hann kynntur, ásamt hugmyndinni um kaffihúsakvöld, á bekkjartenglafundi.

## **6. Önnur mál**

Þá fór Valerie yfir önnur mál. Fram komu nokkur atriði sem stjórn mun skoða.

- Inn á heimasíðu skólans vantar nýjan og betri texta um foreldrafélagið.
- Stuðla þarf að kynningu á tómstundastarfi innan skólans.
- Koma á framfæri ábendingu til forstöðumanns félagsmiðstöðvar Öldutúnsskóla um bætt upplýsingaflæði.